

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Sumarliðabær 2, lnr. 165307 og Sumarliðabær, lóð, lnr. 217623.

Deiliskipulagið nær til byggingarsvæðis í landi Sumarliðabæjar, lnr. 165307. Um er að ræða byggingarreiti fyrir m.a. íbúðarhús, gestahús og landbúnaðarbyggingar. Heimilaðar eru nýbyggingar svo og stækkanir og breytingar á núverandi húsum. Gert er ráð fyrir reiðvelli og sprettbraut við reiðvöll.

Samþykkt af hreppsnefnd þann 11. október 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. október 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2017